

Gott ráð fyrir snjalla lesara

Góðir lesarar kunna að velja sér lestrarbækur sem eru ekki of þungar fyrir þá. Það skiptir miklu máli til að þeir gefist ekki upp á því að lesa bókina. Gott er að nota þá reglu að ef þeir lenda í vandræðum með að lesa fimm orð áður en fyrsta blaðsíðan er búin þá er bókin of þung. Stundum getur verið gott að fá hjálp hjá fullorðnum.



1-2-3-4-5


Orðafjárjóður

Hér máttu skrifa þau orð sem þér finnst áhugaverð eða þig langar til að vita meira um.

Ása Marin Hafsteinsdóttir

GRUNSAMLEGUR DAGUR

Eitt skref í einu – stig 4



Krossaðu yfir réttan reit þegar þú hefur lokið þjálfun texta.

Vika	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1					
2					
3					
4					

Búið

m MENNTAMÁLASTOFNUN

Til lestrarþjálfara

Um þjálfunina

Æskilegt er að sami aðilinn sjái um þjálfunina á þjálfunartímabilinu til að viðhalda sama vinnulagi og fá tilfinningu fyrir framförum.

Heildarþjálfunartími er 15 mínútur; fyrst lesfímipþjálfunin samkvæmt þjálfunarfyrikomulagi og svo í heimalestrarbók að 15 mínútunum.

Nemandinn les alltaf upphátt til að lestrarþjálfarinn fái innsýn í lestrarferlið hjá nemandanum.

Sjáið til þess að nemandinn hafi fingurinn undir því orði sem lesið er hverju sinni eða notið blýant til að styðja hann í lestrinum.

Lesskilningsspurningarnar eru leystar munnlega eftir síðustu tímatökuna.

Gott hljómfall við lestur næst þegar nemandinn híkar á kommu og stoppar á punkti.

Hagnýt ráð

Þjálfandi eins snemma dags og kostur er.

Gætið þess að barnið sé ekki svangt og sé búið að fara á salernið.

Veljið stað þar sem næði er gott og engin truflun.

Sitjið við hlið barnsins og veitið lestri þess góða athygli.

Hvetjið og hrósið.

Erfiðleikar við lestur orðs?

Ekki hleypra barninu áfram í lestri nema orð sé alveg rétt lesið.

Í tímatökunni skaltu bíða í tvær sekúndur en svo máttu segja barninu hvert orðið er svo það geti haldið áfram lestrinum.

Þegar nemandinn þjálfar textann milli tímatöku og lendir í vanda við umskráningu orðs, getur þú nýtt þér eftirfarandi ráð:

- Láttu barnið glíma sjálft við orðið í um það bil fimm sekúndur.
- Spurðu „Hvaða orð heldur þú að þetta sé?“
- Hvettu barnið til að lesa málsgreinina til enda og nýta sér samhengið til að ráða í orðið.
- Lestu orðið fyrir barnið, skoðaðu það vel með því og láttu það þjálfva lestur orðsins nokkrum sinnum.

Hvatning og hrós

Vel lesið!

Þú last öll orðin rétt!

Þér tókst að leysa orðið!

Þér hefur virkilega farið fram í ...

Þú stendur þig vel í þjálfuninni!

Þú lest skýrt og fallega.

Frábært viðhorf!

hlerum	roðnuðu	aðstoðina	gríðarlega
--------	---------	-----------	------------

Lilja og Konni heyrðu ekki hvað hann sagði.	8
– Hlerum, sagði Lilja og þau lögðu eyrun upp að hurðinni. Eina sem þau heyrðu var óskýrt muldur.	15
Þau hrukku í kút þegar dyrnar opnuðust.	23
– Jæja krakkar, sagði lögreglumaðurinn og Lilja og Konni roðnuðu. Hann hlaut að vita að þau voru að hlera.	25
Hann glotti til þeirra en sagði ekkert.	32
– Takk aftur fyrir aðstoðina. Þið stóðuð ykkur gríðarlega vel og það var gott hjá ykkur að hringja á Neyðarlínuna.	37
– Lilja ætlar að verða spæjari þegar hún verður stór, sagði Konni. Lilja roðnaði enn meira.	45
– Mér sýnist þið bæði vera nokkuð góðir spæjarar nú þegar, sagði lögreglumaðurinn og veifaði þeim að skilnaði.	50
Hvílíkur dagur. Fullur af grunsamlegum atburðum.	57
Hvað merkir það „að hlera“?	64
Hvernig rættist úr degi Lilju?	73
	76
	85
	91
	98
	103
	108
	114

klófesta	handtökuna	aldeilis	lágum hljóðum
----------	------------	----------	---------------

Lögreglukonan reif upp dyrnar út á pallinn	7
og náði að klófesta þjófinn.	12
Lögreglumaðurinn var inni hjá Konna og Lilju	19
og passaði að þau færu ekki út.	26
Annar lögregluþjónn kom hlaupandi frá rauða	32
húsinu til að aðstoða við handtökuna.	38
Saman leiddu þau þjófinn út í lögreglubíl.	45
– Sko, þið eruð aldeilis duglegir krakkar.	51
Búnir að klófesta þjófa, sagði lögreglumaðurinn	57
við Lilju og Konna.	61
– Við náðum þeim nú ekki sjálf, sagði Lilja lágt.	70
– Jú, þið gerðuð allt rétt. Sáuð hvað var í gangi	80
og hringduð á Neyðarlínuna.	84
Lögreglumaðurinn var hjá þeim þar til mamma	91
hans Konna kom heim. Maðurinn talaði við hana	99
í lágum hljóðum inni í forstofu.	105
Hann lokaði dyrunum.	108

Fyrir hvað var Lilju og Konna hrósað?

Um hvað ætli lögreglumaðurinn og mamma Konna hafi talað?

Skráning



Skipti	Dagsetning	Tímataka 1 orð 1	Tímataka 2 orð 2	Tímataka 3 orð 3	Lestrarþjálfari	Skóli
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						
20						

stækkunargleri	beygði	vísifingri	lyktaði
----------------	--------	------------	---------

Lilja sat á milli runna og beindi stækkunargleri á litla pollinn.	8
Gat það verið? Var þetta blóð? Alvöru blóð?	11
Hún stakk vísifingri á kaf í pollinn.	19
Fingurinn varð rauðbrúnn.	26
Pollurinn var blanda af mold og því sem hún taldi vera blóð.	29
Hún skoðaði fingurinn með stækkunarglerinu.	34
– Hmmm, tautaði hún, beygði sig yfir pollinn og þefaði.	41
Verst að hún vissi ekki hvernig blóð lyktaði.	46
– Hvað ertu að gera? Lilja sneri sér við og sá Konna standa fyrir aftan sig.	51
– Ég er að rannsaka, svaraði hún.	55
Konni starði á hana án þess að segja neitt.	63
	71
	78
	84
	93

Hvað var Lilja að rannsaka?

Hvað taldi hún sig hafa fundið? Heldurðu að það hafi verið rétt hjá henni?

lögglukonan	lögglumaðurinn	fyrirmæli	mínúta
-------------	----------------	-----------	--------

Lögglukonan tók upp talstöð og gaf fyrirmæli.	7
Talstöðin hennar var töluvert flottari en þær sem Konni átti.	12
Lögglumaðurinn hringdi í mömmu hans Konna.	17
Hún ætlaði að koma strax heim.	23
– Eru bakdyr hérna heima hjá þér?	29
spurði lögglumaðurinn Konna.	35
Konni sýndi þeim hurð sem opnaðist úr stofunni og út á pallinn fyrir aftan húsið.	38
Lögglukonan tók aftur upp talstöðina og gaf aftur fyrirmæli.	46
– Farið frá glugganum krakkar.	53
Lögglan er farin inn í rauða húsið,	60
sagði lögglukonan. Lilja og Konni færðu sig aftur fyrir sófann. Næsta mínúta leið mjög hratt.	62
Annar þjófurinn stökk út um brotna gluggann á rauða húsinu. Hann hljóp í gegnum garðinn og inn í garðinn hjá Konna.	66
	73
	79
	88
	95
	103
	109

Lýstu því sem gerist í þessum kafla.

Hvers vegna heldur þú að Konni og Lilja hafi fært sig aftur fyrir sófann?

vettvang	dyrabjöllunni	lögreglan	innbrotsþjófunum
----------	---------------	-----------	------------------

Hann spurði líka hvað Konni hét	6
og hvar hann ætti heima. Svo sagði hann	14
að þau ættu að fara frá glugganum	21
og bíða inni þar til að lögreglan kæmi á vettvang.	31
Það tók bara örfáar mínútur þar til dyrabjöllunni	39
var hringt heima hjá Konna.	44
– Getur verið að lögreglan sé komin svona fljótt?	52
spurði Konni.	54
Lilja kíkta út um gluggann til að fullvissa sig um	64
að þau væru að opna fyrir lögreglunni	71
en ekki innbrotsþjófunum.	74
Í innkeyrslunni var lögreglubíll.	78
Konni opnaði dyrnar og tveir úr lögreglunni	85
stóðu fyrir utan. Maður og kona.	91
Lilja og Konni drógu þau inn í herbergið	99
og sýndu þeim rauða húsið.	104
Þau bentu þeim á brotna gluggann.	110

Hvað leið langur tíma þar til lögreglan var mætt heim til Konna?
Til hvaða varúðarráðstöfunar greip Lilja áður en hún opnaði útidyrnar?

spæjari	hryllingi	smakkaðist
---------	-----------	------------

– Ég ætla að verða spæjari þegar ég verð stór.	9
– Má ég rannsaka með þér?	14
spurði Konni og settist niður við hliðina	21
á henni þegar hún kinkaði kolli.	27
Hann stakk fingrinum líka ofan í pollinn.	34
– Ertu búin að smakka? spurði hann.	40
– Ertu klikkaður? hrópaði Lilja	44
og horfði á hann með hryllingi.	50
– Ég er bara að grínast, sagði Konni	57
brotsandi og bætti við:	61
– Ég veit ekkert hvernig blóð bragðast.	67
Lilja hristi höfuðið. Hún vissi ekki heldur	74
hvernig blóð smakkaðist.	77
– Ef þetta er blóð, þá verðum við að	85
komast að því úr hverjum það er,	92
sagði Lilja hugsu.	95

Hvaða starf ætlaði Lilja að leggja fyrir sig þegar hún yrði stór?
Hvernig reyndi Konni að plata Lilju?

ranssóknarvinna	andvarpaði	vísbendingar	nákvæmlega
-----------------	------------	--------------	------------

útidyrnar	rimlagardínur	Neyðarlínan	símtólið
-----------	---------------	-------------	----------

– En ef þetta er ekki blóð,	6
þá er sú ranssóknarvinna gjörsamlega óþörf,	12
sagði Konni.	14
Lilja stóð upp og andvarpaði.	19
Hún gekk með fram runnanum til að sjá	27
hvort hún fyndi einhverjar vísbendingar.	32
– Hverju ertu að leita að? spurði Konni.	39
– Ef þetta er blóð þá hljóta að vera	47
vísbendingar sem útskýra hvers vegna	52
einhverjum blæddi.	54
Lilja notaði stækkunarglerið til	58
að skoða greinarnar vel.	62
– Já, ég skil. Til dæmis ef þetta er blóð úr ketti	73
þá gætum við séð brotnar greinar eða eitthvað	81
annað sem bendir til að hér hafi verið slagur.	90
– Nákvæmlega, svaraði Lilja.	93

Hann dró upp lykil og opnaði útidyrnar.	7
Þau hlupu inn í herbergi sem vísaði í	15
átt að rauða húsinu.	19
Bak við rimlagardínur stóðu þau	24
og héldu niðri í sér andanum.	30
– Þarna, hrópaði Lilja og benti.	35
Það var ekki um að villast.	41
Tveir menn voru inni í húsinu.	47
Annar var með vasaljós, sem var grunsamlegt	54
því það var ekki dimmt.	59
Konni hljóp fram og kom til baka með síma.	68
Hann valdi 112 og beið eftir svari.	75
– Neyðarlínan, hvernig get ég hjálpað þér?	81
spurði maður sem svaraði.	85
– Við höldum að það sé verið að brjótast	93
inn hjá nágranna mínum, kallaði Konni í símtólið.	101
Maðurinn spurði hvar húsið væri.	106

Hvað merkir orðið „vísbendingar“?

Hvaða vísbendingar gætu hjálpað þeim að ákveða hvort þetta væri blóð eða ekki?

Hvernig gátu krakkarnir fylgst með því sem fór fram í húsinu sem brotist hafði verið inn í?

Til hvaða skynsamlega bragðs greip Konni?

gróðrinum	fikruðu	bakhlið	teymdi
-----------	---------	---------	--------

Þau spruttu á fætur og hlupu aftur fyrir húsið.	9
Þá heyrðist aftur brothljóð.	13
– Þaðan, hvíslaði Konni og þau gengu	19
í þá átt sem þeim fannst hljóðið koma úr.	28
Þau földu sig í gróðrinum og fikruðu	35
sig varlega áfram.	38
– Sjáðu, hvíslaði Lilja og benti á rautt hús	46
sem var fyrir aftan hús númer fimm	53
í þeirra götu.	56
Rauða húsið var í götunni fyrir ofan.	63
Þannig að þau horfðu á bakhlið þess.	70
Á bakhliðinni voru þrír gluggar og einn	77
þeirra var brotinn.	80
– Komdu, hvíslaði Konni og togaði í Lilju.	87
Hann teymdi hana fram fyrir hús númer fimm.	95
Hús sem hann þekkti mjög vel,	101
enda bjó hann í því.	106

Hvaðan kom brothljóðið og hvað hafði brotnað?

gangstéttina	vonsvikin	talstöðvarnar	könnunarleiðangur
--------------	-----------	---------------	-------------------

Þau skoðuðu runnana næst pollinum mjög vel.	7
Rýndu í hverja einustu grein en fundu ekkert	15
sem benti til þess að einhver hefði slasað sig.	24
Að lokum gáfust þau upp og settust á gangstéttina.	33
– Það gerist aldrei neitt hérna í götunni	40
sem hægt er að rannsaka, tautaði Lilja.	47
Hún gat ekki leynt því hvað hún var vonsvikin.	56
Fuglarnir tístu í trjánunum, þau heyrðu	62
í umferð í fjarska en annars var hljótt.	70
– Ég er með hugmynd, hrópaði Konni eftir smá stund.	79
– Ég skal sækja talstöðvarnar mínar	84
og við getum farið í könnunarleiðangur.	90
– Frábær hugmynd, svaraði Lilja.	94

Hvernig leið Lilju þegar þau gátu ekki staðfest hvort um blóð væri að ræða eða ekki?

Hver var tillaga Konna?

grunsamlegt	bylgjulengd	upprúllaða
-------------	-------------	------------

– Ef ég sé eitthvað grunsamlegt,	5
sem þarf að rannsaka, þá kalla ég í þig.	14
Og öfugt, kallaði Konni um leið og hann	22
hljóp heim til sín og kom til baka stuttu	31
síðar með tvær talstöðvar.	35
Þau kveiktu á þeim og stilltu þær	42
á sömu bylgjulengd.	45
Lilja gekk aftur fyrir hús til að prufa	53
hvort Konni myndi ekki örugglega heyra í sér.	61
Talstöðvarnar virkuðu mjög vel.	65
– Farðu niður götuna og ég fer upp,	72
skipaði Lilja.	74
Konni lagði af stað niður götuna.	80
Lilja hélt af stað upp eftir.	86
Hún gekk fram hjá bláa húsinu.	92
Á neðri hæðinni bjó gömul kona.	98
Hún hafði einu sinni gefið Lilju	104
upprúllaða pönnuköku.	106

Hvaða aðferð ætluðu Konni og Lilja að beita í könnunarleiðangrinum?
Hvað þýðir orðið „bylgjulengd“? Getur þú komist að því?

brjóstkassanum	milt	flóðhest	brothljóð
----------------	------	----------	-----------

– Nei, en ég hélt að hjartað í mér myndi	9
pumpast út úr brjóstkassanum, sagði Lilja.	15
Hún lagðist á bakið í grasinu.	21
Konni lagðist líka niður og þau horfðu á skýin.	30
Veðrið var milt. Grasið var gult nema alveg	38
upp við húsið, þar var það farið að grænka.	47
– Ég sé flóðhest, sagði Konni	52
og Lilja fann hann líka.	57
– Ég sé kall með risastórt nef, sagði Lilja	65
og Konni fann hann.	69
– Ég sé ..., byrjaði Konni en þagnaði þegar	76
þau heyrðu brothljóð.	79
Lilja settist upp og horfði á Konna.	86
– Hvaðan kom þetta? spurði hún.	91
– Mér heyrðist úr þessari átt,	96
sagði Konni og benti aftur fyrir sig.	103

Á hvaða árstíma heldur þú að sagan gerist? Hvers vegna?
Úr hverju voru flóðhesturinn og kallinn með risastóra nefið búin til?

stofugluggunum	njósnaleiðangri	skuggalegu	hjartslættinum
----------------	-----------------	------------	----------------

Sem betur fer var enginn í stofunni.	7
Því ef einhver hefði verið inni	13
þá hefði sá hinn sami séð þau	20
jafn vel úti í garði og þau sáu inn.	29
Lilja og Konni hlupu fram hjá	35
stofugluggunum og fyrir hornið.	39
Þau áttu eina húshlið eftir í	45
njósnaleiðangri sínum.	47
Á þessari hlið voru tveir gluggar.	53
Konni fór fyrstur og Lilja á eftir.	60
Ekkert grunsamlegt var að sjá.	65
Þau settust í grasið. Þau voru bæði mjög fegin	74
að hafa ekki séð skuggalegu mennina.	80
– Sjá svipinn á þér áðan þegar þú sást	88
stofugluggana, sagði Lilja og hló.	93
Konni hló líka.	96
– Heyrðir þú í hjartslættinum mínum?	101
spurði Konni.	103

Hvaða orð telur þú að lýsi best líðan krakkanna á meðan á leiðangrinum stóð? Kvíði, spennu, ótti?

Hvers vegna voru þau fegin að hafa ekki séð skuggalegu mennina?

barnabílstól	tvíburar	gamlárskvöld	taktfast
--------------	----------	--------------	----------

Á efri hæðinni bjó ungt par með lítið barn.	9
Lilja hafði aldrei séð barnið öðruvísi	15
en grenjandi.	17
Hún hafði reyndar aldrei séð barnið.	23
Bara heyrt í því par sem það lá í barnabílstól.	33
Það var ekkert grunsamlegt við bláa húsið.	40
Lilja gekk áfram upp götuna og að timburhúsi.	48
Í því húsi bjuggu tvær konur og	55
fimm ára tvíburar.	58
Á gamlárskvöld voru þau með veislu	64
og húsið var fullt af fólki.	70
Þau kvektu í mjög mörgum flugeldum.	76
Lilja heyrði skrítið hljóð koma frá húsinu.	83
Það var enginn bíll fyrir framan húsið.	90
Hljóðið var taktfast. Eins og einhver væri	97
með burstu að rispa eitthvað.	102

Hvað vissi Lilja um litla barnið í bláa húsinu?

Bankaðu taktfast í borðið með einum fingri.

samfestingi	sandpappír	þakbrúnina
-------------	------------	------------

hljóðlega	skriðu	örlítið
-----------	--------	---------

Lilja læddist eftir framhliðinni og	5
kíkti varlega fyrir hornið.	9
Hún sá langan stiga úr áli upp við húsið.	18
Efst í stiganum stóð maður í hvítum samfestingi.	26
Hann var með sandpappír í hægri hönd	33
en hélt í stigann með þeirri vinstri.	40
Hljóðið bjó hann til með því að pússa	48
þakbrúnina með sandpappírnum.	51
Lilja velti því fyrir sér hvort	57
hún ætti að tala við hann.	63
Hún vissi að hann bjó ekki í húsinu.	71
En hún var samt eiginlega alveg viss um	79
að hann væri frekar að laga húsið	86
en að skemma það.	90
Var þetta eitthvað grunsamlegt?	94
– Sæl, heyrði hún kallað úr stiganum.	100

Áður en þau þorðu að kíkja fyrir hornið	8
hlustuðu þau eftir einhverjum hljóðum.	13
Engin hljóð heyrðust.	16
Lilja fór á undan. Hún læddist eins hljóðlega	24
og hún gat meðfram húsveggnum.	29
Þau Konni skriðu undir glugga.	34
Þegar Lilja var komin fram hjá glugganum,	41
rétti Konni örlítið úr sér.	46
Nóg til að hann sæi inn um gluggann.	54
Hann beygði sig aftur.	58
Leit á Lilju og hristi höfuðið til marks um	67
að það væri ekkert að sjá.	73
Þau voru komin aftur fyrir hús.	79
Enginn var í garðinum. Gluggarnir á bakhlið	86
hússins voru svo stórir að þau þurftu ekkert	94
að hafa fyrir því að kíkja inn um þá.	103

Hvað merkir orðið „samfestingur“?

Heldur þú að maðurinn hafi verið að gera eitthvað grunsamlegt?

Finnst þér eitthvað grunsamlegt við ferð mannanna tveggja?

Heldur þú að Lilja og Konni séu í einhverri hættu?

stytta sér leið	læddust	bjuggu
-----------------	---------	--------

– Nei, ekki strax. Kannski voru þeir bara	7
að stytta sér leið. Fóru í gegnum garðinn	15
til að komast í götuna fyrir ofan.	22
Konni hikaði en Lilja greip í handlegg	29
hans og togaði hann upp.	34
Þau læddust yfir götuna og inn í garðinn.	42
Í húsi númer þrjú bjuggu hjón.	48
Þau áttu marga vini og það var oft veisla í húsinu.	59
Lilja vissi það því það voru oft	66
mjög margir bílar fyrir utan húsið.	72
Konni stóð á tām og kíkti inn um gluggann	81
hægra megin við inngang hússins.	86
– Það er enginn inni í eldhúsi,	92
hvíslaði hann að Lilju.	96
Hún heyrði að hann var spenntur.	102
Þau læddust með fram húsinu.	107

Hvers vegna vildi Lilja bíða með að hafa samband við einhvern fullorðinn?

Hvað ákváðu krakkarnir að gera?

fetaði	kaffibrúsa	gangandi	hikandi
--------	------------	----------	---------

Maðurinn hafði séð hana.	4
– Hæ, svaraði hún um leið og maðurinn	11
fetaði sig rólega niður stigann.	16
– Get ég eitthvað hjálpað þér?	21
spurði hann um leið og hann steig niður á grasið.	31
Hann gekk að kaffibrúsa og hellti úr honum í könnu.	41
– Ég heiti Lilja og bý herna í götunni. Hver ert þú?	52
Lilja hugsaði að kannski hefði hún ekki átt	60
að segja honum nafnið sitt	65
ef hann væri hættulegur.	69
– Ég heiti Ragnar og er pabbi hennar Uglu	77
sem á heima í þessu húsi, svaraði hann og brosti.	87
– Komstu gangandi með þennan stiga?	92
spurði Lilja hikandi því það var enginn	99
bíll fyrir framan húsið.	103

Hvers vegna er Lilja dálítið tortrygginn í garð mannsins?

Hvers vegna var maðurinn að laga húsið?

pípti	ljósastaurinn
-------	---------------

– Nei, Ugla sótti mig í morgun,	6
svaraði hann og brosti aftur.	11
Þegar Lilja ætlaði að spyrja hann nánar	18
út í það hvernig stigin hefði komist fyrir	26
í litla bílnum hennar Uglu pípti talstöðin.	33
Lilja setti talstöðina upp við varirnar og svaraði:	41
– Bíddu aðeins. Sneri sér svo að Ragnari og kallaði:	50
– Ég verð að fara, bless.	55
Lilja hljóp út á gangstétt,	60
ýtti á takkann á talstöðinni og spurði:	67
– Heyrir þú í mér? Skipti.	72
– Konni hérna. Hittu mig við ljósastaurinn	78
fyrir framan hús númer fjögur. Skipti.	84
– Ég er á leiðinni. Skipti.	89
Lilju fannst flott að Konni kunni	95
að nota orðið „skipti“.	99

Hvers vegna vildi Lilja fá að vita hvort stigin hefði komist fyrir í litla bílnum hennar Uglu?

Hvers vegna ætli það sé sagt „skipti“ þegar talað er í talstöð?

hljóðlaust	spennt	hættulegir
------------	--------	------------

Lilja hljóp af stað og sá Konna bíða	8
við staurinn hjá húsi númer fjögur.	14
Hann gerði hljóðlaust suss-hljóð með	20
því að setja vísifingur yfir varirnar.	26
Lilja hægði á sér og læddist til hans.	34
– Hvað sástu? spurði hún spennt.	39
– Ég sá tvo menn fara inn í garðinn	47
hér á móti, svaraði Konni.	52
Þau horfðu yfir á hús númer þrjú	59
og sáu enga hreyfingu.	63
Hvorki í garðinum né inni í húsinu.	70
– Komdu. Við verðum að njósna,	75
sagði Lilja spennt. Skyldi eitthvað spennandi	81
gerast í götunni þeirra í dag?	87
– Hvað ef þeir eru hættulegir?	92
Ættum við ekki bara að láta einhvern vita.	100
Einhvern fullorðinn, spurði Konni.	104

Hvaða fréttir hafði Konni að færa Lilju þegar hún kom til hans?

Hvers vegna vildi Konni láta einhvern fullorðinn vita af mönnunum tveimur?